

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 9/1998

**Erindi er varðar mismunun í innheimtu virðisaukaskatts
af þjónustu Reiknistofu bankanna og keppinauta**

I.

Erindið

1.

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 29. desember sl., er varðar samkeppnisstöðu einkafyrirtækis gagnvart Reiknistofu bankanna. Kvörtun fyrirtækisins beinist einkum að því að Reiknistofa bankanna greiði ekki virðisaukaskatt af þjónustu sem er sambærileg og í samkeppni við þjónustu kvartanda sem hann þarf að greiða virðisaukaskatt af. Einnig gerir kvartandi athugasemd við rekstrarlegt umhverfi Reiknistofu bankanna í skjóli viðskiptabankanna.

Í erindinu kemur meðal annars fram það mat kvartanda að Reiknistofa bankanna eigi að greiða virðisaukaskatt af þjónustu „....fyrir aðila sem hafa sér kennitölu og eru persónur að lögum, þ.e bankana – kreditkortafyrirtækin, sem eru með um 120.000 sendingar á mánuði – Tryggingastofnun ríkisins – SAL – Íslenska útvarpsfélagið, svo nokkrir aðilar séu nefndir, sem bankarnir vinna fyrir s.k.v. sérstökum þjónustusamningi“.

Í lok erindisins er vísað til ritsins „Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri ríkisstofnana“ sem fjármálaráðuneytið gaf út í nóvember s.l. Kvartandi lítur

svo á að það sem fram kemur í riti þessu eigi einnig við um þá starfsemi bankanna sem Reiknistofa bankanna innir af hendi.

II. Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun skrifaði Reiknistofu bankanna bréf, dags. 20. janúar sl., þar sem beðið var um ýmsar upplýsingar varðandi þjónustu sem Reiknistofan innir af hendi fyrir aðra aðila en banka og sparisjóði. Svarbréf barst frá Reiknistofu bankanna, dags. 30. janúar sl. Þar kemur meðal annars fram að á síðustu tveimur árum, þ.e. 1996 og 1997, hafi Reiknistofan selt þjónustu til þriggja aðila utan bankakerfisins. Þessir aðilar eru: Tryggingastofnun ríkisins, vegna umslagaílagna, Póstur og sími, vegna greiðsluskipta fyrir Póstgíróstofuna, og dómsmálaráðuneytið, vegna áritunar ökuskírteina.

Um fjárhagslegan aðskilnað þessarar þjónustu frá annarri starfsemi segir í bréfi Reiknistofunnar: „*Reiknistofan er kostnaðarskipingarfyrirtæki og er því mikið lagt upp úr því að finna kostnaðarverð hvernar einstakrar starfsemi innan hennar. Eigendur eru í mikilli samkeppni innbyrðis og gera því kröfu um að kostnaði við þjónustu Reiknistofunnar sé rétt skipt. Þannig er reynt að meta allan kostnað við hverja þjónustu, bæði beinan og óbeinan og ekki síður hlutdeildarkostnað. Ofangreind þjónusta er vel afmörkuð og því veitt gegn ákveðnu gjaldi, byggðu á þessum útreikningum“.*

Reiknistofa bankanna segir eftirfarandi um greiðslu virðisaukaskatts: „*Reiknistofan greiðir virðisaukaskatt af öllum sínum aðföngum en hefur ekki fengið hann endurgreiddan. Reiknistofan hefur ekki lagt virðisaukaskatt á þjónustu sína í samræmi við lög um banka og sparisjóði. Þetta er í fullu samráði við embætti Ríkisskattstjóra.*

Undantekning frá þessu er þjónusta Reiknistofunnar við dómsmálaráðuneytið, en þar er virðisaukaskattur lagður ofan á þjónustuna. Rétt er að benda á að Reiknistofan hefur ekki fært sér í nyt innskatt til frádráttar útskatti af þessari þjónustu“.

2.

Samkeppnisstofnun hafði samband við embætti ríkisskattstjóra og skrifaði embættinu síðan bréf, dags 4. mars 1998, vegna þess erindis sem hér er til umfjöllunar. Í bréfinu óskaði Samkeppnisstofnun meðal annars eftir álitum ríkisskattstjóraembættisins á virðisaukaskattskyldu þeirrar þjónustu sem Reiknistofa bankanna annast fyrir aðra en banka og sparisjóði. Ennfremur óskaði stofnunin eftir að fá upplýst hvort bönkum og sparisjóðum beri ekki að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sem þeir veita í samkeppni við aðra.

Svarbréf, dags. 19. mars sl., barst frá ríkisskattstjóraembættinu. Í bréfi embættisins kemur meðal annars fram, að skv. 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er öll eiginleg bankastarfsemi, einnig innheimta banka og lánastofnana á eigin kröfum sem stofnað hefur verið til hjá þeim, undanþegin virðisaukaskatti. Fram kemur að innheimta banka og lánastofnana á reikningum fyrir önnur fyrirtæki sé virðisaukaskattskyld. Þóknun banka, sparisjóða og annarra lánastofnana vegna greiðslumiðlunar er aftur á móti undanþegin virðisaukaskattskyldu, skv. 3. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga.

Ennfremur segir í bréfi ríkisskattstjóra að innheimtuþjónusta, þ.e. innheimta reikninga, útskrift reikninga, umslagasetning og annað sem snertir innheimtu fyrir aðra sé virðisaukaskattskyld og eigi það einnig við um starfsemi Reiknistofu bankanna á sama sviði. Þó er vakin athygli á því að þjónusta á þessu sviði sem Reiknistofan innir af hendi fyrir banka og sparisjóði sé ekki virðisaukaskattskyld þar sem litið sé svo á að um eigin þjónustu sé að ræða.

Ríkisskattstjóraembættið bendir Samkeppnisstofnun á í umsögn sinni að Reiknistofa bankanna hafi sent embættinu fyrirspurn, bréf dags. 19. september 1996, um svipað efni og meðfylgjandi umsögninni er svarbréf ríkisskattstjóra, dags. 18. nóvember 1996, til Reiknistofunnar. Í þessu svarbréfi kemur skýrt fram að Reiknistofu bankanna beri að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sem unnin er fyrir aðra en banka og sparisjóði.

3.

Þar sem ólík túlkun á virðisaukaskattskyldu Reiknistofunnar kemur fram í umsögnum Reiknistofu bankanna og ríkisskattstjóraembættisins vegna þess erindis sem hér er til umfjöllunar skrifaði Samkeppnisstofnun Bankaefirliti Seðlabanka Íslands bréf, dags. 22. maí sl. Óskaði stofnunin eftir álitni Bankaefirlitsins á því hvort þjónusta banka og sparisjóða við fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga er tengist reikningaútskrift, innheimtu og ísetningu í umslög teljist starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða í skilningi 44. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Svarbréf, dags. 18. júní sl., barst frá Bankaefirlitinu. Þar kemur fram að Bankaefirlitið sjái sér ekki fært að leggja mat á túlkun ríkisskattstjóraembættisins á virðisaukaskattskyldu Reiknistofu bankanna. Um starfsemi banka og sparisjóða segir hins vegar í bréfinu: „Talsvert er um að bankar og sparisjóðir taki að sér að innheimta kröfur fyrir viðskiptamenn sína, hvort heldur um er að ræða fyrirtæki, stofnanir eða einstaklinga. Í því felst m.a. að viðkomandi stofnun reiknar vexti á skuldina, sendir út greiðslutilkynningar og vanskilatilkynningar eftir atvikum og tekur við greiðslu fyrir hönd kröfueiganda. Að mati bankaefirlitsins fellur sú starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða sem felst í innheimtu krafna í eigu annarra undir starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða skv. 44. gr. laga nr. 113/1996. Slík starfsemi kann að falla undir undanþáguákvæði 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt en með vísan til framangreinds telur bankaefirlitið sér ekki fært að taka afstöðu til þess, enda á mat á því undir skattyfirvöld“.

4.

Með vísan til umsagnar Bankaefirlitsins skrifaði Samkeppnisstofnun ríkisskattstjóraembættinu bréf, dags. 16. júlí sl., og óskaði eftir athugasemdum embættisins við umsögn Bankaefirlitsins. Ekki barst svarbréf frá embætti ríkisskattstjóra.

III.

Álit samkeppnisráðs

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var mál þetta afgreitt. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

2.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga, sbr. 1. gr. þeirra vekur samkeppnisráð athygli ríkisskattstjóra á eftirfarandi álitum sem birt er á grundvelli d-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna.

3.

Í því máli sem hér um ræðir kvartar fyrirtæki yfir því að fyrirtækinu sé gert að greiða virðisaukaskatt af þjónustu sinni en það sama eigi ekki við um sambærilega þjónustu Reiknistofu bankanna.

Reiknistofa bankanna hefur upplýst að hún leggi ekki virðisaukaskatt á þá þjónustu sem hér um ræðir og sé það gert í fullu samráði við embætti ríkisskattstjóra.

Embætti ríkisskattstjóra hefur lagt fram gögn því til stuðnings að embættið hafi upplýst Reiknistofu bankanna í nóvember 1996 um að sú þjónusta Reiknistofunnar sem hér er til umfjöllunar sé virðisaukaskattskyld.

4.

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðslubátta þjóðfélagsins. Þessu markmiði skal náð m.a. með því að vinna gegn samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í þessu máli innir Reiknistofa bankanna af hendi samskonar þjónustu og kvartandi. Að þessu leyti starfa fyrirtæki kvartanda og Reiknistofan á sama markaði í skilningi samkeppnislaga.

Kvartandi greiðir virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem hann selur, eins og lög um virðisaukaskatt gera ráð fyrir. Það gerir Reiknistofa bankanna hins vegar ekki þrátt fyrir ábendingar þar um frá embætti ríkisskattstjóra.

Það má vera ljóst að mismunandi skattheimta af fyrirtækjum sem starfa í samkeppni skaðar möguleika þess fyrirtækis sem greiðir skatta til að keppa við fyrirtæki sem ekki greiðir samskonar skatta.

Mismunandi skattheimta á fyrirtæki í samkeppnisrekstri fer því gegn markmiði samkeppnislaga.

Með vísan til framanritaðs beinir samkeppnisráð þeim eindregnum tilmælum til ríkisskattstjóra að embættið sjái til þess að úrskurði þeim sem fram kemur í bréfi embættisins til Reiknistofu bankanna, dags. 18. nóvember 1996, og vitnað hefur verið til í máli þessu, verði framfylgt og virðisaukaskattur innheimtur af þeirri þjónustu Reiknistofu bankanna sem hún veitir í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði.